

Grundartanga 9. apríl, 2015

Akraneskaupsstaður
Regína Ásvaldsdóttir og Sigurður Páll Harðarsson
Stíllholti 16-18
300 Akranesi

Efni: Opinn kynningarfundur um niðurstöður umhverfisvöktunar iðnaðarsvæðisins á Grundartanga.

Á iðnaðarsvæðinu á Grundartanga starfa nú fjögur fyrirtæki undir eftirliti og í samræmi við starfsleyfi sem gefin eru út af Umhverfisstofnun. Í starfsleyfum þessara fyrirtækja eru ákvæði sem skilyrða þau til þess að framfylgja umhverfisvöktun á sínu nánasta umhverfi. Þessi fyrirtæki eru: Norðurál á Grundartanga, Elkem Ísland, Kratus og GMR. Fyrirtækin standa fyrir kynningarfundum um niðurstöður umhverfisvöktunar iðnaðarsvæðisins á Grundartanga fyrir hagsmunaaðila og almenning. Fundurinn verður haldinn hjá Norðuráli á Grundartanga 30. apríl n.k. og hefst klukkan 14:30. Áætlað er að fundinum ljúki um klukkan 17:00.

Fulltrúi frá Kratus og GMR ásamt fulltrúum Norðuráls og Elkem Ísland flytja erindi um starfsemi og mengunarvarnir fyrirtækjanna. Eva Yngvadóttir frá verkfræðistofunni Eflu fer yfir niðurstöður umhverfisvöktunar iðnaðarsvæðisins við Grundartanga, vegna rekstarársins 2014. Fulltrúar fyrirtækjanna, höfundar sérfræðiskýrsla og fulltrúar verkfræðistofunnar Eflu, verða viðstaddir og svara spurningum sem upp kunna að koma.

Fyrir hönd ofangreindra fyrirtækja boðar undirritaður til fundarins og vonast eftir þátttöku fulltrúa Akraneskaupstaðar í umfjöllun um starfsemi fyrirtækjanna og umhverfismál þeim tengdum.

Vinsamlega tilkynnið þátttöku með því að senda tölvupóst á: magnus.freyr@simnet.is

Virðingarfyllt

Magnús Freyr Ólafsson
Verkefnastjóri umhverfisvöktunar iðnaðarsvæðisins á Grundartanga